

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs - 417. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. desember 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri til að veita allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Barnaverndarstofa vill í upphafi taka fram að stofan er hlynnt markmiði frumvarpsins, sem birtist í 2. gr. þess, og fagnar því að verið sé að huga að öryggi og vellíðan þeirra einstaklinga sem taka þátt í íþróttá- og æskulýðsstarfi.

Þrátt fyrir framangreint telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að betur verði í frumvarpinu hugað að þeirri stöðu þar sem samskiptaráðgjafi fær til sín mál sem tilkynna þarf málið til barnaverndarnefndar og/eða hugsanlega getur verið um refsiverða háttsemi að ræða.

Hvað varðar tilkynningarskylduna telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að betur verði hnykk á tilkynningarskyldu til barnaverndarnefndar þegar grunur leikur á um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða áreitni. Að mati stofunnar er mikilvægt að tilkynningarskyldan sé sérstaklega áréttuð í 5. gr., þar sem fjallað er um hlutverk samskiptaráðgjafa og að ekki sé nóg að vísa til þess að viðkomandi eigi að leiðbeina „hvernig kvörtun er komið á framværi við rétt yfirvöld og eftir atvikum um þá þjónustu sem ríki og sveitarfélög bjóða upp á“ heldur sé hin sérstaka tilkynningarskylda þeirra sem starfa með börnum áréttuð í ákvæðinu og vísað til barnaverndarlaga í því samhengi.

Varðandi mál þar sem um hugsanlega er um refsiverða háttsemi að ræða gegn barni þá skiptir máli að tryggt sé að rannsóknarhagsmunir geti ekki farið forgörðum vegna aðkomu samskiptaráðgjafa að þeim. Í þessu sambandi skiptir höfuðmáli að tryggt sé að með starfi samskiptaráðgjafa sé ávallt hugað að því að koma upplýsingum til réttra stjórnvalda, s.s. barnaverndaryfirvalda og lögreglu, tafarlaust. Jafnframt þarf að tryggja að meintur gerandi fái ekki upplýsingar um að málið hafi komið upp eða að rætt verði við brotþola eða önnur vitni fyrr en rétt yfirvöld hafa fengið málið og sett það í réttan farveg, þ.á m. tekið skýrslur af viðkomandi, tryggt hugsanleg sönnunargögn fari ekki forgörðum og að öryggi brotþola og eftir atvikum annarra sé tryggt.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega nánari upplýsingar og skýringar og er reiðubúin að fylgja umsögn sinni eftir á fundi með nefndinni verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu